

ferð milli Vestmannaeyja og Reykjavíkur vikulega á tímabilinu til 30. sept. n. k., ef ekki verður um aðra hagstæðari lausn að ræða með flutninga á farþegum og bifreiðum yfir sumarmánuðina;

2. að láta athuga möguleika á kaupum á svifskipi til farþega- og bifreiðaflutninga milli Vestmannaeyja og meginlandsins, en það er aðeins um 12 km leið, þar sem stytzt er;
3. að hefja undirbúning að byggingu nýs og hentugs skips til farþega-, vöru- og bifreiðaflutninga milli Vestmannaeyja, Þorlákshafnar og Reykjavíkur, ef ekki reynist unnt að koma samgöngum milli Vestmannaeyja og meginlandsins í viðunandi horf með m/s Herjólfur og kaupum á svifskipi;
4. að haldið verði áfram framkvæmdum við flugvöllinn í Vestmannaeyjum, sem hafizt var handa um á síðastliðnu ári, og þeim lokið á næsta ári, og enn fremur, að hafizt verði handa um malbikun og lýsingu flugbrautanna og byggingu flugstöðvarbyggingar samkvæmt teikningum, sem fyrir liggja.

Greinargerð.

Samgöngumál Vestmanneyinga hafa áður verið til umræðu á Alþingi, og er það eðlilegt, þar sem hér er um að ræða einn af stærri kaupstöðum landsins, sem vegna legu sinnar hefur algera sérstöðu hvað samgöngur snertir.

Í Vestmannaeyjum er mikið athafnalíf allan ársins hring, eins og kunnugt er, og því nauðsyn á, að samgöngum við þennan stað verði komið í eins gott horf og nokkur kostur er á. Fyrr á tímum má segja, að um algera einangrun hafi verið að ræða fyrir það fólk, sem í Vestmannaeyjum bjó, og það svo, að oft gátu liðið margir mánuðir, án þess að um ferðir væri að ræða til eða frá Eyjum. Sem betur fer hefur þessi einangrun verið rofin meira og meira með hverju árinu, sem hefur liðið, en enn skortir verulega á, að samgöngur við Vestmannaeyjar séu komnar í það horf, sem það fólk, sem þar býr, ætlast til.

Með byggingu flugbrautarinnar 1946 var stigið árangursríkt spor í samgöngumálum Eyjanna, einnig og ekki síður með tilkomu m/s Herjólfur, árið 1959, sem annast hefur vöru- og farþegaflutninga milli Vestmannaeyja og Reykjavíkur og einnig nú hin síðari ár farþega- og bifreiðaflutninga milli Vestmannaeyja og Þorlákshafnar. Einnig hefur þverbrautin, sem byggð var við flugvöllinn og tekin í notkun árið 1968, mjög aukið á öryggi og fjölgað flugdögum til Eyja. Allt er þetta til verulegra bóta, en síður en svo nokkurt lokatakmark. Það, sem Vestmanneyingar stefna að, eru daglegar ferðir bæði flugleiðis og sjóleiðis, eftir því sem nýjasta tækni í samgöngum leyfir, að svo miklu leyti sem veður hamlar ekki.

Bifreiðaeign Vestmanneyinga mun nú vera orðin um 700 bifreiðar, og ætlast Vestmanneyingar til, að þeir eins og aðrir landsmenn hafi eins greiðan aðgang að þjóðvegakerfi landsins og við verður komið. Tillaga sú, sem hér er flutt, bendir á leiðir til að ná þessu marki. Á s. l. vori var sumaráætlun m/s Herjólfur breytt þannig, að skipið var látið fara daglegar ferðir milli Vestmannaeyja og Þorlákshafnar fimm daga vikunnar og eina ferð í viku til Reykjavíkur. Flutningar skipsins með farþega og bifreiðar jukust verulega frá því, sem áður var, en hér er um fjögurra klukkustunda siglingu að ræða, en skipið með mjög takmarkað rými undir þiljum fyrir farþega og mjög takmarkað og óhentugt rými á dekki til flutnings á bifreiðum. M/s Herjólfur hefur reynzt mjög traust og gott skip, en aðstæður hafa allar breytzt, frá því að hann var byggður fyrir 12 árum, og hann uppfyllir ekki þær kröfur, sem í dag eru gerðar í sambandi við flutninga á farþegum og bifreiðum, þó að um styttri leiðir sé að ræða.

Vestmanneyingar hafa á síðari árum fylgt mjög vel með í allri framþróun, sem orðið hefur í samgöngumálum. Þegar fyrirtækið British Hovercraft hóf byggingu svifskipa, fengu þeir með fyrirgreiðslu frá Alþingi leigt eitt slíkt farartæki hingað

til lands árið 1968. Reyndist farartækið mjög hentugt til ferða milli Vestmannaeyja og meginlandsins og fór margar ferðir þessa leið við misjafnar aðstæður, en var of lítið, til þess að hægt væri að sameina með því flutninga á bifreiðum og farþegum.

Nú er hins vegar fyrirtækið Bell Aerospace Company í Bandaríkjunum Norður-Ameríku með farartæki af sömu gerð í byggingu, en stærra og þannig útbúið, að það mun henta mjög vel til farþega- og bifreiðaflutninga milli Vestmannaeyja og meginlandsins. Hafa Vestmanneyingar því mjög mikinn áhuga á, að mál þetta verði kannað til hlítar og slíkt farartæki keypt til flutninga á framangreindri leið, ef það við nánari athugun reynist eins og ástæða er til að ætla samkvæmt þeim upplýsingum, sem fyrir liggja, og væri þá fundin lausn á hinni miklu þörf fyrir flutninga á farþegum og bifreiðum milli lands og Eyja, fyrst og fremst yfir sumarmánuðina, en m/s Herjólfur gæti annast vöruflutninga til og frá Eyjum, eins og hann hefur hingað til gert.

Fari þetta hins vegar á aðra leið, er fyrirsjáanlega ekkert annað að gera en að hefjast handa um undirbúning að smíði nýs skips, sem sameinaði farþega-, vöru- og bifreiðaflutninga á milli Vestmannaeyja og meginlandsins og uppfyllti þær kröfur, sem nú í dag hljóta að verða gerðar í þessu sambandi.

Varðandi flugvöllinn skal þess getið, að á síðari hluta ársins 1970 og nú í ár, eða á 12 mánaða tímabili, var unnið fyrir rúmlega 10 millj. króna við lengingu þverbrautar og lagfæringar utan við flugbrautirnar, og er þess að vænta, að þessum framkvæmdum verði haldið áfram og þeim lokið á næsta ári.